

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skrifstofa orkumála
urn@urn.is

Reykjavík, 29. janúar 2026

Enfi: Umsögn Samorku um áform um breytingar á raforkulögum (verkefni Raforkueftirlitsins) mál í samráðsgátt nr. S-8/2026

Samorka þakkar tækifærið til að veita umsögn um áform um breytingar á raforkulögum nr. 65/2003, sem miða að því að tryggja samræmi við kröfur EES-réttar um sjálfstæði raforkueftirlits samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/72/EB. Samorka styður markmið áformanna og telur mikilvægt að íslensk löggjöf tryggi að Raforkueftirlitið hafi raunverulegt og virkt sjálfstæði við framkvæmd þeirra verkefna sem því eru falin samkvæmt lögum.

Sjálfstæði eftirlitsaðila á raforkumarkaði er grundvallarforsenda þess að regluverkið njóti trausts, bæði meðal eftirlitsskyldra aðila, atvinnulífs og almennings. Slíkt sjálfstæði þarf að vera tryggt í reynd en ekki einungis í formi, þannig að eftirlitið geti tekið ákvarðanir á grundvelli faglegs mats án óeðlilegra takmarkana eða óbeinna áhrifa frá stjórnvöldum, hagsmunaaðilum eða öðrum.

Á sama tíma leggur Samorka ríka áherslu á að fyrirhugaðar breytingar leiði ekki til þess að óvissa skapist um grundvallarforsendur tekjumarka og gjaldskrár sérleyfisfyrirtækja. Sérleyfisfyrirtæki eins og flutningsfyrirtækið og dreifiveitur raforku vinna eftir skýrum lagaramma og raforkueftirlitið setur þeim á grundvelli lögbundinna verkefna þeirra mörk um tekjuöflun. Þar með ræðst gjaldskrá þessara fyrirtækja af ákvörðunum Raforkueftirlitsins. Fyrirsjáanleiki og stöðugleiki í tekjuumgjörð sérleyfisfyrirtækja eru forsenda öruggs reksturs raforkukerfisins og *getu sérleyfisfyrirtækja til að ráðast í nauðsynlegar langtímafjárfestingar í innviðum*. Slíkar fjárfestingar eru ekki aðeins mikilvægar fyrir rekstur fyrirtækjanna sjálfra, heldur einnig fyrir afhendingaröryggi raforku, hagkvæmni og þróun raforkukerfisins til framtíðar. Þá er fyrirsjáanleiki, stöðugleiki og hagkvæmni í tekjuumgjörð einnig nauðsynleg forsenda fyrir fjárfestingum orkufyrirtækja í framleiðslu á grænni orku. Saman mynda fjárfestingar sérleyfisfyrirtækja og orkufyrirtækja veigamikinn grunn að samkeppnishæfni, hagkvæmni og sjálfbærni íslensks efnahagslífs og samfélags. Það er því ekki hægt að undirstrika nægilega hversu mikið er í húfi að verkefnum raforkueftirlitsins og rekstri þess sé vel komið fyrir í stjórnkerfinu.

Þannig er mikilvægt að breytingar á aðferðafræði tekjumarka og gjaldskrár byggist á skýrum, gagnsæjum og formfestum ferlum, þar sem tryggt er að hagaðilar hafi raunveruleg tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum og að breytingar séu útfærðar með hæfilegum aðlögunartíma. Slík nálgun er lykilforsenda þess að viðhalda trausti og draga úr áhættu.

Um leið er nauðsynlegt að aðferðafræðin sjálf sé fyrirfram skilgreind, aðgengileg og byggð á viðurkenndum faglegum forsendum, þannig að eftirlitsskyldir aðilar geti áttað sig á regluverkinu og treyst því að breytingar verði ekki gerðar með ófyrirsjáanlegum hætti eða á óhagkvæman eða óskilvirkan hátt.

Samorka leggur sérstaka áherslu á að ítarlegt og markvisst samráð við eftirlitsskylda aðila verði haft að leiðarljósi í þessu ferli. Slíkt samráð er að mati Samorku langbesta leiðin til að ná utan um þær breytingar sem hér eru boðaðar, bæði hvað varðar lagasetninguna sjálfa og þá framkvæmd sem fylgja mun í kjölfarið. Með virku samráði má tryggja að breytingar taki mið af raunverulegum áhrifum nýrrar eða breyttrar lagaumgjarðar, stuðli að stöðugleika og fyrirsjáanleika og dragi úr hættu á óþarfa óvissu eða ágreiningi.

Að lokum telur Samorka mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að Raforkueftirlitið hafi nægjanlega faglega getu og raunverulegt svigrúm til að sinna þeim verkefnum sem því eru falin. Um leið þarf að tryggja að stjórnarsýslan verði ekki óþarflega umfangsmikil eða þunglamaleg, heldur skilvirk og í samræmi við þarfir íslensks samfélags og atvinnulífs. Enn fremur þarf að huga vel að því að jafnvægi ríki milli sjálfstæðis eftirlitsins, faglegs styrks og hagkvæmrar stjórnarsýslu.

Samorka styður markmið áformanna og telur mikilvægt að styrkja sjálfstæði Raforkueftirlitsins í samræmi við kröfur EES-réttar. Til að fyrirhugaðar breytingar nái tilgangi sínum leggur Samorka áherslu á að sjálfstæði eftirlitsins verði tryggt í reynd, að fyrirsjáanleiki og stöðugleiki í tekju- og gjaldskrárumgjörð verði hafður að leiðarljósi og að ítarlegt samráð við eftirlitsskylda aðila verði lykilþáttur í ferlinu.

Samorka er reiðubúin til áframhaldandi samráðs og samtals um útfærslu fyrirhugaðra breytinga.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögræðingur